

Borgarstjórn Reykjavíkur
17. október 2023

Greinargerð borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands með umræðu um NPA-samninga og fjölda sem er á bið

Notendastýrð persónulega aðstoð (NPA) er lögbundinn réttur fatlaðs fólks. Samkvæmt nýjustu tölum eiga 44 manneskjur samþykktu umsókn um NPA og bíða eftir að þjónusta geti hafist. Samningum um NPA hefur ekki verið fjölgað í Reykjavík frá árinu 2021. Um þetta er fjallað í minnisblaði með tillögu um fjölgun NPA-samninga sem var lagt fyrir velferðarráð þann 4. október sl. (Sjá nánar hér: https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/Tillaga%20um%20f%C3%B6lgun%20NPA%20samninga_VEL23090085_3.pdf). Í þeirri tillögu er lagt til að samningum um NPA verði fjölgað um 14 frá og með 1. nóvember 2023 og bíður sú tillaga afgreiðsla borgarráðs. Ljóst er að fjöldi bíður eftir lögbundinni þjónustu og enginn ætti að þurfa að bíða til lengdar. Óskað er eftir umræðu um það hvernig borgin ætli að mæta þessum veruleika.